

**65. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til lands-
höfðingjans yfir Íslandi, um tekjur prestsekkju.**

1873.

7. ágúst.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álit yðar, herra lands-
höfðingi, með bræfi 7. júní þ. á. um bænarskrá nokkra, þar sem
sóknarpresturinn til Presthóla, Stefán Jónsson, áfryjar til stjórn-
arráðsins úrskurði stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, dagsettum 19.
marzm. 1868, sem ákveður, að ekkja síra Jóns heitins Jónssonar
að Grenjaðarstað skuli æfilangt hafa tilkall til $\frac{1}{8}$ parts af af-
gjaldinu af $\frac{2}{3}$ pörtum í jörðinni Sigríðarstöðum svo sem nokk-
urs hluta af eptirlaunum hennar, enda þótt fyrnefndur jarðar-
partur samkvæmt konungsúrskurði 15. febrúar 1867 sè tekinn frá
Grenjaðarstaðar-kalli og lagður til Presthóla, — gefst yður til
vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að
stjórnarráðið reyndar er helzt á því, að vera yður samdóma um,
að Presthóla kall skuli greiða ekkju síra Jóns heitins Jónssonar
að Grenjaðarstað þann $\frac{1}{8}$ part af ágóðanum af fyrnefndum $\frac{2}{3}$
pörtum í jörðinni Sigríðarstöðum, sem hún á tilkall til, en á
hinn bóginn kemur þetta eptir eðli sínu undir úrskurð dóm-
stólanna.

**66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans
yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.**

8. ágúst.

Samkvæmt uppástungu frá umboðsmanni Kirkjubæjar- og
Þykkvabæjar klausturs góz, Jóni dannebrogsmanni Jónssyni, hafið
þér, herra landshöfðingi, í bræfi 4. júní þetta ár lagt til, að
landsetunum á jörðunum Eystri Dalbæ og Uppsölum, sem heyra
undir Kirkjubæjar klausturs góz, og á Fagurhlíð, sem er jörð
undir Þykkvabæjar klanstur, verði veitt sú lækkun í jarðarafgjaldinu
um 3 ár, frá fardögum 1873 til fardaga 1876, sem hér skal getið, sökum
þess að jarðir þessar samkvæmt skoðunargjörð hlutaðeiganda hrepp-